

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/15/01		Mál höfðað 17. nóvember 2016 af DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA (mál E-14/11, MÁLSKOSTNAÐUR) .....	1
2017/EES/15/02		Mál höfðað 7. desember 2016 af DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA (mál E-7/12, MÁLSKOSTNAÐUR) .....	2
2017/EES/15/03		Mál höfðað 20. desember 2016 af Autonomy Capital (Jersey) LP og Eaton Vance Management gegn Eftirlitsstofnun EFTA (mál E-20/16) .....	3
2017/EES/15/04		Mál höfðað 11. janúar 2017 af Konkurrenten.no AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA (mál E-1/17) .....	4
2017/EES/15/05		Ákvörðun dómstólsins um framlagningu og birtingu málflutningsskjala í gegnum e-EFTACourt .....	5
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/15/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8242 – Rolls-Royce/ITP) .....	7
2017/EES/15/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8254 – HP/Printer business of Samsung Electronics) .....	8
2017/EES/15/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8258 – Advent International/Morpho) .....	9
2017/EES/15/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8341 – Lone Star Fund/Xella International) .....	10

<b>2017/EES/15/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8342 – Mitsubishi Chemical Group/PTT Public Company Group/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	11
<b>2017/EES/15/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8354 – Fox/Sky) .....	12
<b>2017/EES/15/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8373 – Europa Capital/Rezidor/PHD Polska) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	13
<b>2017/EES/15/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8398 – OTPP/OGF Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	14
<b>2017/EES/15/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8403 – Sumitomo/Musashi Semitsu Industry/Hay Holding) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	15
<b>2017/EES/15/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8221 – Blackstone/OfficeFirst) .....	16
<b>2017/EES/15/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8290 – Fairfax/AIG Target Portfolio) .....	16
<b>2017/EES/15/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8331 – Crédit Mutuel Arkéa/Bridgepoint/Primonial Holding) .....	17
<b>2017/EES/15/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8333 – Mitsui Group/NS Group/Anglia Rail Holdings) .....	17
<b>2017/EES/15/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8349 – KKR & CO/The GfK Verein/GfK) .....	18
<b>2017/EES/15/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8352 – KKR/KSL/Apple Leisure Group) .....	18
<b>2017/EES/15/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8368 – KKCG/Foxconn Technology/JV) .....	19
<b>2017/EES/15/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8369 – KKR/Hitachi Koki) .....	19
<b>2017/EES/15/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8390 – PSPIB/TIAA/Vantage) .....	20
<b>2017/EES/15/24</b>	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu á kolvatnsefnum .....	21

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 17. nóvember 2016 af DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA

2017/EES/15/01

(mál E-14/11, MÁLSKOSTNAÐUR)

Hinn 17. nóvember 2016 höfðu Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS (einu nafni „DB Schenker“) mál á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Jon Midthjell, lögmaður, Advokatfirmaet Midthjell AS, Grev Wedels plass 5, NO-0151 Ósló, Noregi.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Heildarfjárhæð málskostnaðar, sem Eftirlitsstofnun EFTA ber að greiða Schenker North AB, Schenker Privpak AB, og Schenker Privpak AS, er ákveðin 183 951 evrur.
2. Upphæðin skal bera dráttarvexti frá þeim degi er krafa þessi er birt aðilunum til þess dags sem greiðsla er innt af hendi. Álagðir vextir skulu reiknaðir út á grundvelli vaxta sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerð sem átti sér stað fyrir fyrsta almanaksdag á umræddu misseri, að viðbættu þremur og hálfu prósentustigi.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Stefnendur, sem kallast einu nafni „DB Schenker“, annast viðskiptastarfsemi í flutningum á landi, sjó og með járnbrautum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. DB Schenker var stefnandi í máli E-14/11 gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum.
- Í 1. mgr. 70. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins segir:

*„Ef úgreiningur er um kostnað, sem ber að endurgreiða, skal dómstóllinn mæla fyrir um hann samkvæmt kröfu þess aðila, sem í hlut á, og eftir að gagnaðila hefur verið gefinn kostur á að tjá sig.“*

- Með dómi sínum í máli E-14/11 gerði EFTA-dómstóllinn Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað stefnanda.

**Mál höfðað 7. desember 2016 af DB Schenker gegn Eftirlitsstofnun EFTA****2017/EES/15/02****(mál E-7/12, MÁLSKOSTNAÐUR)**

Hinn 7. desember 2016 höfðu Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS (einu nafni „DB Schenker“) mál á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirvari er Jon Midthjell, lögmaður, Advokatfirmaet Midthjell AS, Grev Wedels plass 5, NO-0151 Ósló, Noregi.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Heildarfjárhæð málskostnaðar, sem Eftirlitsstofnun EFTA ber að greiða Schenker North AB, Schenker Privpak AB, og Schenker Privpak AS, er ákveðin 125 657 evrur.
2. Upphæðin skal bera dráttarvexti frá þeim degi er krafa þessi er birt aðilunum til þess dags sem greiðsla er innt af hendi. Álagðir vextir skulu reiknaðir út á grundvelli vaxta sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerð sem átti sér stað fyrir fyrsta almanaksdag á umræddu misseri, að viðbættu þremur og hálfu prósentustigi.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Stefnendur, sem kallast einu nafni „DB Schenker“, annast viðskiptastarfsemi í flutningum á landi, sjó og með járnbrautum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. DB Schenker var stefnandi í máli E-7/12 gegn Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum.
- Í 1. mgr. 70. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins segir:

*„Ef úgreiningur er um kostnað, sem ber að endurgreiða, skal dómstóllinn mæla fyrir um hann samkvæmt kröfu þess aðila, sem í hlut á, og eftir að gagnaðila hefur verið gefinn kostur á að tjá sig.“*

- Með dómi sínum í máli E-7/12 gerði EFTA-dómstóllinn Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað að því er varðar athafnaleysi stofnunarinnar og helming málskostnaðar stefnanda í máli sem höfðað var til heimtu skaðabóta utan samninga.

**Mál höfðað 20. desember 2016 af Autonomy Capital (Jersey) LP og Eaton Vance  
Management gegn Eftirlitsstofnun EFTA**

2017/EES/15/03

(mál E-20/16)

Hinn 20. desember 2016 höfðu Autonomy Capital (Jersey) LP og Eaton Vance Management mál á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirvari eru Pétur Örn Sverrisson hrl. og Halldór Backman hrl., Morrison & Foerster (UK) LLP, Citypoint, One Ropemaker Street, London EC2Y 9AW.

Kröfur stefnenda eru þær að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi ákvörðun stefnda frá 23. nóvember 2016 um að loka málinu sem varðar kvörtun stefnenda gegn Íslandi ógilda, og
2. geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað stefnenda vegna málarekstursins.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Stefnendur halda því fram að lög nr. 37/2016, sem Alþingi hefur samþykkt, mismuni aðilum á grundvelli þjóðernis með því að setja ítarleg skilyrði, og viðurlög sé ekki farið eftir þeim, gagnvart eigendum aflandskróna sem fyrst og fremst séu aðilar sem ekki eru heimilisfastir á Íslandi, en engin sambærileg skilyrði gagnvart krónueigendum innanlands.
- Stefnendur telja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi stuðst við 43. gr. EES-samningsins til þess að rökstyðja að Íslandi hafi getað og geti enn haldið fast við þann rétt að víkja frá skyldunni um að hlíta fjórfrelsinu sem EES-samningurinn kveður á um.
- Stefnendur fullyrða að Eftirlitsstofnun EFTA hafi lagt rangt mat á það hversu langt EFTA-rikin innan EES megi ganga við beitingu ákvörðunarvalds síns skv. 43. gr. og því hafi Ísland ekki staðist skilyrði sem sett eru fram í 4. mgr. 43. gr.
- Auk þess halda stefnendur því fram að sérhver undanþága frá skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum, burtséð frá því hvaða aðstæður eru uppi, hljóti að þurfa að vera í samræmi með alhófsreglu og ekki víðtækari en nauðsynlegt sé svo ráða megi bót á hvers kyns skyndilegum erfiðleikum sem koma upp. Að mati stefnenda eru takmarkanirnar sem lög nr. 37/2016 fela í sér óhóflegar og taka ekki á yfirlýstu áhyggjuefni íslenskra stjórnvalda, auk þess sem íslensk stjórnvöld hafi ekki viljað taka til athugunar mun minna hamlandi kosti sem þeim hafi verið bent á.

**Mál höfðað 11. janúar 2017 af Konkurrenten.no AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA****2017/EES/15/04****(mál E-1/17)**

Hinn 11. janúar 2017 höfðaði Konkurrenten.no AS mál á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirvari er Jon Midthjell, lögmaður, Advokatfirmaet Midthjell AS, Grev Wedels plass 5, N-0151 Ósló, Noregi.

Kröfur stefnanda eru þær að EFTA-dómstóllinn:

1. Ógildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 179/15/COL dags. 7. maí 2015, og
2. geri varnaraðila og meðalgönguaðila/aðilum að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Stefndandi, Konkurrenten.no AS, er einkafyrirtæki sem rekur hraðferðabíla milli mið- og suðurhluta Noregs.
- Konkurrenten lagði fram sameinaða kvörtun vegna ríkisaðstoðar og opinberra innkaupa gegn norska ríkinu 23. mars 2011 sem leiddi til þess að Eftirlitsstofnun EFTA hóf tvær aðskildar rannsóknir, annars vegar vegna opinberra innkaupa (mál ESA nr. 69548 og 69656) og hins vegar vegna ríkisaðstoðar (mál ESA nr. 69694 og 73321).
- Sá þáttur kvörtunarinnar sem var vegna opinberra innkaupa gerði að verkum að Eftirlitsstofnun EFTA sendi frá sér rökstutt álit gagnvart Noregi 27. júní 2012.
- Sá hluti sem var vegna ríkisaðstoðar leiddi til ákvörðunar nr. 179/15/COL frá 7. maí 2015, sem ágreiningur ríkir um.
- Hinn 7. júlí 2015 upplýstu norsk stjórnvöld Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við 5. gr. ákvörðunarinnar sem ágreiningur ríkir um, með bréfi, að heildarupphæð ólöglegar aðstoðar sem Nettbuss, samkeppnisaðila stefnanda, var veitt næmi 99 453 890 norskum krónum.
- Fresturinn sem Noregur hafði skv. 4. gr. ákvörðunarinnar sem ágreiningur ríkir um til þess að endurheimta hina ólöglegu aðstoð rann út 7. september 2015, án þess að endurheimtur ættu sér stað.
- Nettbuss hafnaði því að greiða endurheimtukröfuna og ágreiningurinn um endurheimturnar varð til þess að Noregur óskaði eftir skýringum Eftirlitsstofnunar EFTA á ákvörðuninni sem ágreiningur ríkir um með bréfi dagsettu 6. október 2015. Eftirlitsstofnun EFTA skýrði í svari sínu 26. október 2015 að stofnunin væri ekki sammála túlkun norskra stjórnvalda og tæki afstöðu með Nettbuss.
- Í eftirfarandi bréfi til Eftirlitsstofnunar EFTA dags. 12. nóvember 2015 bentu norsk stjórnvöld á að vegna túlkunar Eftirlitsstofnunar EFTA á ákvörðuninni sem ágreiningur ríkir um, þyrfti að lækka endurheimtukröfuna umtalsvert.
- Hinn 8. september 2016 tókst samkomulag með Austur-Agðafylki og Nettbuss, þar sem fyrirtækið samþykkti að endurgreiða 5 000 000 norskra króna.
- Stefndandi er ósammála túlkun Eftirlitsstofnunar EFTA og heldur því fram að ákvörðunin sem ágreiningur ríkir um hafi látið óskerta nánast alla ríkisaðstoð sem Austur-Agðafylki veitti Nettbuss á tíu ára tímabili frá 2004–2014.

## ÁKVÖRDUN DÓMSTÓLSINS

2017/EES/15/05

## um framlagningu og birtingu málflutningsskjala í gegnum e-EFTACourt

DÓMSTÓLLINN,

hefur með hliðsjón af reglum um málsmeðferð, einkum öðrum undirlið 5. mgr. 32. gr.,

*Að teknu tilliti til eftirfarandi:*

[...] getur dómstóllinn, með ákvörðun, mælt fyrir um þau skilyrði sem málflutningsskjal, sem sent er dómstólnum með rafrænum hætti, þarf að fullnægja til að teljast frumrit. [...]

HEFUR ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Viðmótið fyrir rafræna málsmeðferð sem nefnist „e-EFTACourt“ gerir kleift að leggja fram og birta málflutningsskjöl með rafrænum hætti með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari ákvörðun.

*2. gr.*

Nota skal einstaklingsbundið notendaauðkenni og lykilorð þegar viðmótið er notað.

*3. gr.*

Skjal sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt skal teljast frumrit málflutningsskjals, að því er varðar fyrri málslið 1. mgr. 32. gr. í starfsreglum EFTA-dómstólsins, þar sem viðkomandi fulltrúi hefur notað notendaauðkenni sitt og lykilorð við framlagninguna. Slík auðkenning skal teljast undirritun skjalsins sem um ræðir.

*4. gr.*

Með skjali sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt skulu fylgja þeir viðaukar sem vísað er til í því, ásamt skrá þar sem slíkir viðaukar eru taldir upp.

Ekki er gerð krafa um að lögð séu fram staðfest afrit af skjali sem lagt er fram í gegnum e-EFTACourt, eða af viðaukum þess.

*5. gr.*

Að því er varðar 2. mgr. 32. gr. starfsreglnanna telst málflutningsskjal hafa verið lagt fram þegar fulltrúinn hefur staðfest framlagningu viðkomandi skjals.

Tímasetningin sem miða ber við er tíminn í Stórhertogadæminu Lúxemborg.

*6. gr.*

Málflutningsskjöl, m.a. dómar og úrskurðir, skulu birtir fulltrúum aðilanna í gegnum e-EFTACourt hafi þeir gefið samþykki sérstaklega fyrir slíkri birtingu, eða ef um er að ræða málarekstur, ef þeir hafa samþykkt slíka birtingu með því að leggja fram málflutningsskjal í gegnum e-EFTACourt.

Einnig skal birta ríkjum sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Eftirlitsstofnun EFTA og stofnunum, aðilum, skrifstofum eða umboðsskrifstofum Sambandsins, málflutningsskjöl í gegnum e-EFTACourt, að því marki sem þeir hafa samþykkt þessa þjónustuaðferð.

*7. gr.*

Ætluðum viðtakendum skjala sem birt eru og vísað er til í 6. gr. skal tilkynnt um öll skjöl sem þeim eru birt í gegnum e-EFTACourt með tölvupósti.

Málsmeðferðarskjal skal birt á þeim tíma er ætlaður viðtakandi (fulltrúi eða aðstoðarmaður hans) fer fram á aðgang að því skjali. Ef ekki er beðið um aðgang skal skjalið teljast hafa verið birt að liðnum sjöunda degi frá þeim degi þegar tilkynning var send með tölvupósti.

Ef fulltrúar aðila eru fleiri en einn umboðsmaður eða lögmaður skal miða við þann tíma þegar fyrsta beiðnin barst, þegar tímamörk eru ákvörðuð.

Tímasetningin sem miða ber við er tíminn í Stórhertogadæminu Lúxemborg.

*8. gr.*

Dómritari skal setja notkunarskilyrði e-EFTACourt og tryggja að þau séu haldin í heiðri. Hvers kyns notkun e-EFTACourt sem ekki samræmist þessum skilyrðum kann að leiða til þess að viðkomandi reikningur verði gerður óvirkur.

Dómstóllinn skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda e-EFTACourt gagnvart hvers kyns misnotkun eða ólögumatri notkun.

Notendum skal tilkynnt með tölvupósti um hvers konar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein sem koma í veg fyrir að þeir geti notað reikning sinn.

*9. gr.*

Ákvörðun þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Lúxemborg, 12. desember 2016



# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/15/06

(mál M.8242 – Rolls-Royce/ITP)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Rolls-Royce Holdings plc („Rolls-Royce“) öðlast með hlutabréfakaupum, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Industria de Turbo Propulsores SA („ITP“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rolls-Royce: þróun og framleiðsla á hreyflum fyrir loftför og aflkerfi fyrir búnað fyrir almennings- og hernaðarflugíðnað, og til nota á sjó og við orkuframleiðslu.
  - ITP: hönnun og framleiðsla á íhlutum í hreyfla fyrir loftför.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8242 – Rolls-Royce/IT og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8254 – HP/Printer business of Samsung Electronics)**

2017/EES/15/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið HP, Inc, öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í prentstarfsemi suðurkóreska fyrirtækisins Samsung Electronics Co., Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - HP: fjölbjóðlegt tæknifyrirtæki sem framleiðir og selur rafeindatæki, þ.m.t. einkatölvur og prentarar.
  - Samsung: alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Suður-Kóreu sem er einn helsti seljandi rafeindatækja fyrir neytendur (þ.m.t. prentarar), upplýsingatækni og farsímakerfa (þ.m.t. farsímar, snjallsímar og spjalddtölvur), og tækjalausna (s.s. hálfleiðarar og smáforritsgjörvar fyrir farsíma).
  - Prentstarfsemi Samsung: seljandi prentara og prenttengdra vara og þjónustu fyrir heimaskrifstofur og fyrirtæki á heimsvísu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 71, 7.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8254 – HP/Printer business of Samsung Electronics, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8258 – Advent International/Morpho)**

2017/EES/15/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Advent International Corporation („Advent“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Safran Identity and Security SAS og bandaríska fyrirtækinu Morpho.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Advent International: framtakssjóður sem fjárfestir í mismunandi geirum, s.s. bankastarfsemi, greiðsluþjónustu, auðkennis- og öryggislausnum. Einkum stýrir Advent International fyrirtækinu Oberthur Technologies SA, sem er seljandi stafrænnar öryggisþjónustu með starfsemi í greiðsluþjónustu, auðkennisþjónustu og fjarskiptageiranum.
  - Safran Identity and Security SAS: auðkennis- og öryggislausnir.
  - Morpho USA: auðkennis- og öryggislausnir.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8258 – Advent International/Morpho og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8341 – Lone Star Fund/Xella International)**

2017/EES/15/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. febrúar 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem LSF10 XL Bidco SCA, Lúxemborg, tengt Lone Star Fund X, Bandaríkjunum, og Lone Star Fund X, Bermúdaeyjum, (framtakssjóðir á vegum Lone Star) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Xella International S.A., Lúxemborg.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Lone Star: framtakssjóður sem fjárfestir um heim allan í fasteignum, hlutafé (m.a. hlutafé í rekstrarfélögum), lánum og öðrum fjármunaeygnum.
  - Xella Group: fjölbætt samstæða fyrirtækja sem einkum leggur áherslu á i) byggingarefni, ii) veggklæðningar, og iii) kalkstein.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8341 – Lone Star Fund/Xella International og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8342 – Mitsubishi Chemical Group/PTT Public Company Group/JV)**

2017/EES/15/10

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Mitsubishi Chemical Group („MCC“) og og thailenska fyrirtækið PTT Public Company Group („PTT“) öðlast með samningsbundinni stjórnun eða með öðrum hætti í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í thailenska fyrirtækinu PTTMCC Biochem Company Limited („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - MCC: alþjóðlegt efnafyrirtæki.
  - PTT: olíu- og gasfyrirtæki í ríkiseigu.
  - JV: framleiðsla og sala á plastvörum til sérnóta.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 72, 8.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8342 – Mitsubishi Chemical Group/PTT Public Company Group/JV og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8354 – Fox/Sky)**

2017/EES/15/11

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Twenty-First Century Fox, Inc. („Fox“) öðlast í gegnum yfirtökuboð, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Sky plc („Sky“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fox: i) dagskrá fyrir kapalsjónvarp, ii) sjónvarp og iii) afþreyingarmyndir.
  - Sky: i) sala/kaup notendaleyfa fyrir hljóð- og myndverkadagskrá, ii) heildsala á sjónvarpsstöðvum, iii) smásala á hljóð- og myndverkadagskrá til áskrifenda, iv) tækniþjónusta vegna sjónvarpsútsendinga útvarpsrekenda á DTH-vettvangi Sky, v) sala á sjónvarpsauglýsingum, vi) smásala fastlínuþjónustu og breiðbandsþjónustu, vii) farsímaþjónusta, og viii) aðgangur að opnum þráðlausum heitum reitum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 73, 9.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8354 – Fox/Sky og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8373 – Europa Capital/Rezidor/PHD Polska)**

2017/EES/15/12

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem breska fyrirtækið Europa Capital LLP („Europa Capital“), og danska fyrirtækið Rezidor Hotels APS Danmark („Rezidor“), öðlast með hlutfjárkaupum og langtímasamningi um sammingsbundna stjórnun við PHD Polska, sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í pólska fyrirtækinu PHD Polska sp. z o.o. („PHD Polska“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Europa Capital: hluti af hópi fjármagnsfyrirtækja sem endanlega lúta yfirráðum japanska fyrirtækisins Mitsubishi Estate Co. Ltd („Mitsubishi Estate Group“), en Mitsubishi Estate Group starfar á fasteignamörkuðum með aðalháerslu á Japan, Bandaríkin, Bretland, Kína og Víetnam.
  - Rezidor: hluti af hópi fjármagnsfyrirtækja sem endanlega lýtur yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Carlson Holdings, Inc. („Carlson Group“), en Carlson Group er samstæða fyrirtækja sem starfar í ferðaþjónustu og gistingu á heimsvísu. Meðal alþjóðlegra vörumerkja þeirra eru Quorvus Collection, Radisson Blu, Radisson, Radisson RED, Park Plaza, Park Inn by Radisson, Country Inns & Suites by CarlsonSM og Carlson Wagonlit Travel. Rezidor starfrækir meðal annars Radisson Blu Centrum Hotel í Varsjá.
  - PHD Polska: er eigandi byggingarinnar sem hýsir hótelið í Varsjá, sem er sem stendur rekið undir merkjum Radisson Blu Centrum Hotel.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni mál M.8373 – Europa Capital/Rezidor/PHD Polska og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/15/13****(mál M.8398 – OTTP/OGF Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2017, tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem kanadíski sjóðurinn Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTTP“) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu PHM Holdco 19 S.à.r.l., sem er endanlegt eignarhaldsfélag OGF og dótturfélaga þess (einu nafni „OGF Group“ eða „andlag viðskiptanna“, Frakklandi).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - OTTP: annast lífeyrisbætur og fjárfestir eignir lífeyriskerfa fyrir hönd starfandi kennara og kennara sem eru komnir á eftirlaun í Ontario-sýslu í Kanada. OTTP stýrir einnig Westerleigh Group, sem annast þróun og rekstur bálstofa og kirkjugarða í Bretlandi.
  - OGF Group: útfararþjónusta í Frakklandi þar sem um er að ræða i) þjónustu í tengslum við líksmurningu, greftrun og líkbrennslu, ii) líkkistur, legsteina og aðra hluti (t.d. blóm), iii) rekstur líkbrennslna, iv) samninga um tryggingar vegna útfararþjónustu sem er skipulögð fyrir andlát og v) afgreiðslu líkkista í gegnum tvo framleiðslustaði sína.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8398 – OTTP/OGF Group og eftirfarandi póstarsitun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/15/14****(mál M.8403 – Sumitomo/Musashi Semitsu Industry/Hay Holding)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. febrúar 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um samruna þar sem japönsku fyrirtækin Sumitomo Corporation („Sumimoto“) og Musashi Semitsu Industry Co. Ltd. („MSI“) öðlast með hlutafjárkaupum óbein sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í þýska fyrirtækinu Hay Holding GmbH („Hay“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Sumitomo er skráð í kauphöllinni í Tokýó. Um er að ræða samþætt fyrirtæki í viðskiptum og fjárfestingu með starfsemi í i) sölu á lögnum, aukabúnaði og þjónustu til fyrirtækja í olíu-, gas- og jarðölfuðnaði, hreinsun og framleiðslu á kötlum, ii) einnig völsuðu stáli og málmvörum sem innihalda ekki járn, iii) flutnings- og byggingakerfum, iv) jarðefnaauðlindum og orku, v) íðefnum og rafbúnaði, vi) viðskiptum með matvæli, fjölmiðlum og smásölu og vii) grunnvirkjum.
  - MSI er skráð í kauphöllinni í Tokýó og framleiðir nákvæmnisihluti fyrir smíði bíla og mótörhjóra.
  - Hay er einkahlutafélag sem framleiðir nákvæmnismiðaða og vélframleidda hluti í girskiptingar, vélar og drifskóft og hjöruliði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 69, 4.3.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8403 – Sumitomo/Musashi Semitsu Industry/Hay Holding, og eftirfarandi póstarsíttun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8221 – Blackstone/OfficeFirst)**

2017/EES/15/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8221. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8290 – Fairfax/AIG Target Portfolio)**

2017/EES/15/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8290. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8331 – Crédit Mutuel Arkéa/Bridgepoint/Primonial Holding)**

2017/EES/15/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8331. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8333 – Mitsui Group/NS Group/Anglia Rail Holdings)**

2017/EES/15/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8333. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótt. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8349 – KKR & CO/The GfK Verein/GfK)**

2017/EES/15/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8349. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8352 – KKR/KSL/Apple Leisure Group)**

2017/EES/15/20

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8352. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/15/21**  
**(mál M.8368 – KKCG/Foxconn Technology/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8368. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/15/22**  
**(mál M.8369 – KKR/Hitachi Koki)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. febrúar 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8369. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2017/EES/15/23**  
**(mál M.8390 – PSPIB/TIAA/Vantage)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8390. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

---

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu á kolvatnsefnum**

2017/EES/15/24

Pólsk stjórnvöld hafa auglýst eftirfarandi opinber útböð:

- Sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum á Pila-svæðinu, leitarsvæði nr. 146 og nr. 147.
- Sérleyfi fyrir leit og rannsóknir á olíu- og jarðgaslindum á Leszno-svæðinu, leitarsvæði nr. 226, nr. 245 og nr. 246.

Sjá nánar um lagastoð, svæðin sem um ræðir, landfræðiupplýsingar, heildarupplýsingar um útböðið og kröfur sem tilboð þurfa að uppfylla, matsviðmið, skilyrði fyrir veitingu sérleyfis og aðrar upplýsingar, m.a. fyrirmynd að samningi um stofnun námavinnsluréttinda í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 66, 2.3.2017, bls. 6 og 16).

Tilboð ber að senda aðalskrifstofu pólska umhverfisráðuneytisins eigi síðar en klukkan 16:00 (CET/CEST) á síðasta degi 91 dags tímabils sem hefst daginn eftir birtingu auglýsinganna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (birtingardagur 2.3.2017).